

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Naustavör 13, 52-58 og 60-66. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. janúar 2021 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Naustavör 13, 52-58 og 60-66:

Naustavör 13. Aðkoma og fyrirkomulag bílastæða breytist lítillega.

Naustavör 52 til 58. Lóðamörk breytast. Lóðin stækkar til vesturs um 150 m² en minnkar til norðurs um 10 m². Aðkoma að bílastæðalóð sem tilheyrir húsinu breytist og hún stækkar úr 325 m² í 505 m². Heildarstærð lóðar Naustavara 52-58 verður þó óbreytt 4.365 m².

Naustavör 60 til 66. Lóðamörk breytast. Lóðin stækkar til vesturs um 360 m² og til austurs og norðurs um 180 m² en minnkar til suðurs um 1.550 m² og verður stærð lóðar 6.642 m² eftir breytingu. Aðkoma og staðsetning bílastæða breytist. Þá minnkar byggingarreitur lóðarinnar um 1 m til austurs og til vesturs og hann færast jafnframt til norðvesturs sem nemur 4,6 metrum.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag göturýmis Vesturvarar. Litlavör. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 9. febrúar 2021 tillögu að breytingu á göturými Vesturvarar. Í breytingunni felst að eystri tengingu Litluvarar við Vesturvör verður lokað og hljóðvarnir meðfram Vesturvör lengdar til austurs. Við þetta verður Litlavör botngata með tengingu við Vesturvör um hringtorg í vesturenda götunnar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 22. febrúar 2021.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.